



## Stúdentaráð Háskóla Íslands, vegna upplýsingasöfnunar 1936

---

Bjarni Benediktsson – Stúdentaráð Háskóla Íslands, vegna upplýsingasöfnunar 1936

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-5, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

STÚDENTARÁÐ  
HÁSKÓLA ÍSLANDS  
Stúdentagarðinum  
Sími 4789.

Reykjavík

Swara 23. mars. 1936.

Stúdentaráðið hefir nú með höndum söfnun ýmsra upplýsinga um nám, fjárhag og atvinnumöguleika stúdenta hér við háskólann. Reynum við í því sambandi að fá upplýst hversu margir séu nú orðnir menntaðir í hverri grein, og hverja atvinnumöguleika sé þar um að ræða í náinni framtíð, eftir því sem bezt verður vitað. Þessu til viðbótar er ætlunin að bæta skýrslum um námskostnað hér heima og erlendis í hinum ýmsu fögum og upplýsingum um styrkveitingar. Um þá, sem farnir eru nú út úr háskólanum, mun erfitt að safna skýrslum - um fjárbörf þeirra hvert ár meðan þeir stunduðu hér nám. Hinsvegar vildum vér biðja yður að láta okkur í té upplýsingar um skuldir yðar, þegar þér lukuð hér kandiðatsprófi. Við leitum eftir slíkum upplýsingum hjá öllum, sem hafa útskrifast frá 1930 og síðan. Við heitum að sjálfsögðu fullri þagmælsku um þessar væntanlegu upplýsingar frá hverjum og einum, en munum hinsvegar birta meðaltal skulda frá hverju ári, eða heildarupphæð.

Jafnframt væri gaman að heyra, hvort þér telduð yður vera í stöðu, þar sem þér getið haft menntunar yðar full not.

Eigs og nú er komið stúdentafjöldanum er afar nauðsynlegt að nýir stúdentar geti fengið strax eftir stúdentspróf ábyggilegar og fullkonnar upplýsingar um námskostnað og atvinnumöguleika, en þess hefir fram að þessu ekki verið nokkur kostur.

Nú viljum við bæta úr þessu með útgáfu þessara upplýsinga í bæklingformi. Væntanlega kemur þetta rit út snemma í maí þ.á.

Við viljum þessvegna eindregið fara þess á leit við yður, að þér sendið okkur þessar upplýsingar við allra fyrsta tækifæri.

Virðingarfyllst.

f.h. S t ú d e n t a r á ð s

Björn Sigurdsson  
form.

Afhent, en skilast aftan  
en þess notast veris, þar  
sem ekki þurfti á því að  
halda.

Þar. Þeirni Stúdentaráti  
Gláskóla Íslands: bréfi dags.  
21. apríl 1934, lat eg uppi þetta  
álit mitt á þar greindum atvendum.

Um 1. Stúdentarátslögin einhvern  
10. og 3. mág. vintist verða að  
skilja svo sem almennar stúdent-  
fundur einn geti ljóst vantraust:  
á stúdentaráti með þeim ábrif-  
um, að það sé skylt að fara  
frá í heild. g. r. v. mundi mega  
þreyfa því, þótt einstakar  
deildir geti ljóst vantraust:  
á fulltrúa sínum, ~~þetta~~ með þeim  
ábrifum að hann sé skyldur til  
að fara frá. Slíkt vintist þó  
ekki heldur heimilt, þar sem  
lífræði er gert ráð fyrir því  
: lögunum, og 3. mág. 11. og  
ágin þessjvílega ekki ráð fyrir  
þessu. En vantrausts heimildir  
þar endanþáking, sem skýra  
ventur þvöngt. A. ö. l. vintist  
mín ekki geta þannig til mála  
að vantraust á einstaka ráts-  
menum sé heimilt. Þegar af  
því, sem er spurt undir

því, að þá geti meiri hluti  
þrakið fulltrúa mínni hlutur  
úr ráðinu, að svo miklu best:  
a. m. l. sem þeir eru kosnir  
við almenn kjör, og þannig  
gert á bríf hlutfallsþórnar  
að megi. Sama gildir vitanlega  
um vantraust á mínni - eða  
meiri hluta ráðsins.

27. apríl 1934

Þjarni Benediktsson.

Reykjavík 21. apríl 1984.

Studentarít Glískóla Íslands fer þess heimur, vistingar-  
fylgt, á leit við yfni h. prófessor, að þeir gefið oss skriflega  
skýringu á eftirfarandi atriðum studentaráslagna:

1. Þanna þann ekki e. Contrario vantar í  
annari mynd en þá alin. Studentafundi og  
á studentarít í heild?
2. Veri ekki grundvellingur þítt undan  
klúffallshosningaþyniþomulaginu ef vantar  
veri heimilt á minni- eða meiri klúff  
studentarít eða einstaka meðlimi?

Vistingarfylgt  
f. h. Studentarít Glískóla Íslands

Baldur Jóhannsson  
forseti.

Jónna Pálmann

Hr. prófessor Bjarni Benediktsson  
Reykjavík.

# L Ö G

UM

## STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

### 1. gr.

Við Háskóla Íslands skal vera Stúdentaráð.

### 2. gr.

Stúdentaráðið skal gæta hagsmuna stúdenta í hvívetna og vera fulltrúi þeirra innan Háskólans og utan. Þó getur það skipað stúdenta utan ráðsins til þess að annast stjórn og framkvæmdir ýmissa mála og fyrirtækja, er undir það heyra. Slíkar framkvæmdanefndir skulu ávalt kosnar hlutbundnum kosningum. Sama gildir um stjórn ráðsins og allar innanráðsnefndir. Stjórn og aðrar nefndir ráðsins skilfa sjálfar með sér verkum.

### 3. gr.

Í Stúdentaráði eiga sæti 9 fulltrúar. Hver háskóladeild skal kjósa 1 fulltrúa úr hópi deildarmanna. Auk þess skulu 5 kjörnir hlutbundnum leynilegum kosningum allra háskólastúdenta.

Fráfarandi fulltrúi stýrir deildarkjöri, og skal hann auglýsa kosningu deildarfulltrúa á auglýsingatöflu Háskólans með minst sólarhrings fyrirvara, á sama hátt skal kjósa varadeildarfulltrúa.

Kosningin skal vera skrifleg. Réttkjörinn fulltrúi er sá, er hefur meira en helming greiddra atkvæða þeirra er á fundi eru. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð við fyrstu kosningu skal kosið að nýju. Er þá sá réttkjörin er flest atkvæði fær. Ef tveir þeirra hæstu fá jöfn atkvæði

skal kosið milli þeirra, en ef þá sker ekki úr skal hlutkesti ráða.

Framboðslistum til almenns kjörs skal skilað í hendur fráfarandi Stúdentaráði í síðasta lagi 19. október, enda auglýsir ráðið framboðsfrestinn með viku fyrirvara. Á hverjum lista skulu vera nöfn 10 fulltrúaefna, og er listi því aðeins lög- mætur að honum fylgi meðmæli eigi færri kjós- enda en 15 og samþykki frambjóðendanna allra sé ritað á hann. Eigi má nafn sama manns standa nema á einum lista hvorki sem frambjóðanda eða meðmælanda. Frambjóðandi má ekki vera meðmælandi á lista sínum. Komi fram tveir eða fleiri listar með nafni sama manns, er sá er síðar kemur fram ógildur sé það nafn frambjóðanda sem er það sama og á þeim fyr fram komna eða sé það nafn meðmælanda og meðmælendatala er ekki næg án þess.

Á hverjum lista skal skráð nafn umbodsmanns listans og er hann sjálfkjörinn í kjörstjórn. Frá- farandi Stúdentaráð skipar kjörstjórn oddamann ef þörf krefur. Lista skal auðkenna með bókstöf- unum A. B. C. o. s. frv. eftir þeirri röð er þeir koma fram í.

Forfallist fulltrúi kosinn í almennu kjöri skal sá á hans lista er næstur stóð kosningu taka sæti hans í ráðinu. Kosning allra fulltrúa gildir til eins árs.

#### 4. gr.

Deildarkjöri skal lokið 18. október. Almennar kosningar skulu fram fara á tímabilinu 24.—26. október. Hafi tveir eða fleiri frambjóðendur við almennar kosningar fengið sömu atkvæðatölu, en geti ekki báðir eða allir komist að skal hlut- kesti ráða.

#### 5. gr.

Þar sem ákvæði kynnu að vanta í lög þessi

um almennar kosningar skal fylgja ákvæðum laga nr. 28 1915 um hlutfallskosningar til Alþingis.

6. gr.

Stúdentaráðinu skal stjórnað af þremur ráðsmönnum: formanni, féhirði og ritara. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi hvers nýs Stúdentaráðs. Að því tóknu skal Háskólaráðinu tilkynnt um skipun Stúdentaráðsins.

7. gr.

Stjórn Stúdentaráðsins er fulltrúi þess, innan Háskólans og utan. Hún annast dagleg ráðsstörf.

8. gr.

Stúdentaráðsfundur er því aðeins lögmætur, að a. m. k.  $\frac{2}{3}$  fulltrúa séu mættir. Afl atkvæða ræður úrslitum. Fundargerðir skal bóka.

9. gr.

Formaður Stúdentaráðsins stýrir fundum þess. Hann undirritar, ásamt ritara, fundargerðir og erindi, er ráðið sendir frá sér. Sé um mál að ræða, er sérstaklega snerta ákveðna deild Háskólans, skal þó jafnan fulltrúi þeirrar deildar undirrita erindi með formanni í stað ritara.

10. gr.

Fráfarandi Stúdentaráð skal, áður en kosning er fram, gera almennum stúdentafundi grein fyrir gerðum sínum. Sömuleiðis skal það senda Háskólaráði skýrslu um störf sín á liðnu ári og hag þeirra fyrirtækja er undir það heyra. Reglugerðir, er ráðið kann að setja um slík fyrirtæki, skulu jafnan borin undir almennan stúdentafund.

Stúdentaráði er skylt að halda almennan stúdentafund ef minst fjórir ráðsmenn <sup>eða</sup> 20 stúdentar krefjast. Þó skulu þeir ætíð geta um,

hvaða mál þeir vilji, að borin séu upp á fundinum. Til almennra stúdentafunda skal boða með auglýsingu, er festa skal upp á auglýsingatöflu Háskólans eigi síðar en tveim sólarhringum fyrir en fundinn skal halda. Á almennum stúdentafundi ræður afl atkvæða. Stúdentaráði er skylt að fara eftir fyrir mælum almenns stúdentafundar um málefni, sem auglýst hafa verið í fundarboði, enda hafi að minsta kosti  $\frac{1}{4}$  hluti allra háskólastúdenta tekið þátt í atkvæðagreiðslu.

Ef almennur stúdentafundur lýsir vantrausti á stúdentaráði, skal það fara frá. Þó er því heimi að kveðja til annars almenns stúdentafundar, er boða skal sem fyrir segir, innan fjöggra daga, um vantraustið. Ef vantraust verður þá aftur samþykkt, skal ráðið fara frá og stofna til nýrra kosninga með venjulegum hætti.

#### 11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um Stúdentaráð Háskóla Íslands frá 1928.

Lögum þessum verður ekki breytt né við þau aukið nema samþykkt hafi verið með meirihluta greiddra atkvæða á tveimur almennum stúdentafundum í röð, enda hafi að minsta kosti  $\frac{1}{4}$  hluti háskólastúdenta tekið þátt í atkvæðagreiðslu á báðum fundunum.

Lagabreytingu ber að auglýsa í fundarboði.

#### *Ákvæði um stundarsakir.*

Þegar er Háskólaráð hefir staðfest lög þessi skal auglýsa deildarkjör með sólarhrings fyrirvara. Einnig skal þá þegar auglýsa framboðsfrest til almenns kjörs og sje hann 3 dagar enda fari kosning fram 3 dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn.